

Ár 2005 þann 30. ágúst kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar á Reykhólum. Hófst fundurinn kl. 20:00. Mættir allir aðalmenn nema Björk Bárðardóttir. Í hennar stað mætt Áslaug Guttormsdóttir. Hjúkrunarforstjóri Barmahlíðar sat einnig fundinn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1) Starfsmannamál. Rætt var um hvort ráða ætti annan hjúkrunarfræðing til starfa í Barmahlíð til viðbótar við hjúkrunarforstjóran. Ákveðið að fresta málinu til áramóta og kanna betur kostnað við þetta, enda er búið að leysa málið í bili.
- 2) Húsnæðismál. Húsnæðisskortur er á Reykhólum og tekur tíma að koma starfsfólki fyrir. Vonast er til að eigi síðar en 1. desember verði búið að greiða úr húsnæðismálum.
- 3) Dagvist – fjölgun rýma. Hjúkrunarforstjóri kynnti bréf sem hún hefur ritað til heilbrigðisráðherra þar sem hún fer fram á að greitt verði fyrir 5 dagvistunarpláss við Barmahlíð. Með fylgir bréf með ályktun þjónustuhóps aldraðra fyrir Dalasýslu og Reykhólahrepp.
- 4) Brunavarnir. Hjúkrunarforstjóri lagði fram bréf undirritað af henni og öryggistrúnaðarmanni. Þar er þess farið á leit að brunamál hússins verði tekin föstum tókum eins fljótt og unnt er, svo að lágmarksöryggis sé gætt fyrir heimilismenn og starfsmenn.
Fulltrúi Brunamálastofnunar er væntanlegur á Reykhóla 31. ágúst og verður farið yfir þessi mál með honum.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:10

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Valgerður Baldursdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)